

Fimmtudaginn 30. mars 1995.

Nr. 113/1995.

Smári Gunnarsson

(Valgarður Sigurðsson hrl.)

gegn

Þrotaþúi Bílaþorts hf.

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Kærufrestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. mars 1995. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. febrúar 1995 um synjun á kröfu sóknaraðila um viðurkenningu veðréttar í bifreiðinni JS-189 og úthlutun sér til handa á andvirði hennar. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þann veg, að viðurkenndur verði veðréttur hans í bifreiðinni JS-189 samkvæmt þinglýstu tryggingarbréfi, út gefnu 15. ágúst 1990, og að varnaraðila verði gert að úthluta andvirði bifreiðarinnar til sóknaraðila á grundvelli veðsins. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili krefst enn fremur kærumálskostnaðar.

Héraðsdómi Reykjavíkur barst 2. mars 1995 símbréf lögmanns sóknaraðila með svohljóðandi yfirlýsingu: „Umbj. minn hefur ákveðið að kæra niðurstöðu héraðsdóms í ofangreindu máli, ef skilyrði reynast fyrir hendi. Nánari staðfesting síðar.“ Samkvæmt vottorði héraðsdómara barst skrifleg og rökstudd kæra sóknaraðila héraðsdómi 17. sama mánaðar, um leið og kærugjald var greitt. Kæran er dagsett 2. mars 1995.

Eins og atvikum er háttað, er ekki unnt að líta svo á, að kæra hafi borist héraðsdómi, áður en liðinn var frestur til að skjóta málinu til

æðra dóms samkvæmt 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 179. gr. laga nr. 21/1991. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Smári Gunnarsson, greiði varnaraðila, þrotabúi Bílaports hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.
